



Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 13. mars 2018

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál.

Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku er hér lagt fram, lögum samkvæmt. Þar er mörkuð sú sýn sem Alþingi ákveður að flutningsfyrirtæki skuli taka mið af við gerð kerfisáætlunar sinnar hverju sinni. Alþingi tryggir með þessu móti aðkomu sína að mótun kerfisáætlana á enn frekari hátt enn ella væri. Að þessu leyti er mikilvægt að stefna stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis sé skýr, þannig að flutningsfyrirtæki velkist ekki í vafa um það hvers sé af þeim ætlast.

Landgræðsla ríkisins gerir almennt ekki athugasemdir við framlagða stefnu sem sýnist, að teknu tilliti til meðfylgjandi skýringa, vel til þess fallin að ná markmiðum þeim sem stjórnvöld hafa sett sér. Í ljósi hlutverks stofnunarinnar að lögum, sbr. lög um landgræðslu nr. 17/1965, og almenns mikilvægis þess að vernda gróður og jarðveg er hér þó lagt til að bætt verið við setningu þess efnis. Landgræðsla ríkisins leggur til að bætt verið við málslið í lok 12. málsliðar - nýr 3. málsliður – í kaflann um almenn atriði sem varða uppbyggingu flutningskerfis raforku, og mundi þá málsliðurinn í heild hljóða svo:

„12. Leita skal leiða til að draga úr sjónrænum áhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja sem falla betur að umhverfinu og velja staði þannig að sjónræn áhrif eða önnur umhverfisáhrif séu sem minnst. Leitast skal við að raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir koma til greina. Gróðri og jarðvegi skal hlífa eftir því sem kostur er.“

Innkoma ofangreinds ákvæðis, eða annars sambærilegs, í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku undirstrikaði mikilvægi þeirra þátta sem viðurkennt er að felist í gróðri og jarðvegi. Ákvæðið er og í samræmi við stefnu stjórnvalda um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Virðingarfyllt,
f.h. Landgræðslu ríkisins

Birkir Snær Fannarsson, lög.